

UNGMENNAPING 2024



3. febrúar 2024 kl. 10:30 á Akranesi.

Mætt:

Annika Danielsdóttir Schnell (Skátafélag Akraness)

Arnar Freyr Arnarsson (Mosverjar)

Bibba Thomsen (Fossbúar)

Brynjar Óli Barkarson (Fossbúar)

Dagur Sverrisson (Ægisbúar)

Daníel Þróstur Pálsson (Árbúar)

Edda Einars. (Garðbúar)

Elí Hrönn Hákonardóttir (Vífill)

Eygló Sunna Kjartansdóttir (Skátafélag Akraness)

Grímur Chunkuo Ólafsson (Fossbúar)

Hafdís Rún Sveinsdóttir (Fossbúar)

Helgi Þórir Sigurðsson (Vífill)

Högni Gylfason (Ungmennaráð)

Huldar Hlynsson (Ungmennaráð)

Íris Ósk Kjartansdóttir (Skátafélag Akraness)

Jóhann Thomasson Viderö (Ungmennaráð)

Jóhanna Dýrleif Guðjónsdóttir (Hraunbúar)

Lára Marheiður Karlsdóttir (Fossbúar)

Ottó Loki Ólafsson (Fossbúar)

Rakel (Rán) Ósk Ólafsdóttir (Skátafélag Akraness)

Sigrún María Einarsdóttir (Garðbúar)

Sigurður Kai Jóhannsson (Skátafélag Akraness)



Sóley Mjöll Ásgeirsdóttir (Mosverjar)
Sólrún Eva Hannesdóttir (Hraunbúar)
Svava Dröfn Davíðsdóttir (Ungmennaráð)
Thomas h. Luther Guðmundsson (Fossbúar)
Una Signý Sigurðardóttir (Landnemar)
Vigdís Jóna Árnadóttir (Fossbúar)
Þorkell Grímur Jónsson (Garðbúar)

Félög:

Skátafélag Akraness - 5
Skátafélagið Árbúar - 1
Skátafélagið Fossbúar - 8
Skátafélagið Garðbúar - 3
Skátafélagið Hraunbúar - 2
Skátafélagið Mosverjar - 2
Skátafélagið Landnemar - 1
Skátafélagið Vífill - 2
Skátafélagið Ægisbúar - 1
Ungmennaráð - 4

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

- 1.1. Jóhann Thomasson Viderö var kjörin fundarstjóri.
- 1.2. Högni Gylfason var kjörin fundarritari.
- 1.3. Umræður
 - 1.3.1. Grímur C. Ólafsson , Fossbúum, nefndi að rúta og staðsetning þingsins væri óskýr.



- 1.3.2. Thomas Haukur Luther Guðmundsson Fossbúum, nefndi fyrri upplýsingar
- 1.3.3. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum: Það vantaði Elí og Helga á sportablar spjallið
- 1.3.4. ALLIR töpuðu leiknum

2. Tillaga að dagskrá Ungmennafélags – umræður – afgreiðsla

- 2.1. Brynjar Óli Barkarson, Fossbúum: Stækka letur.
- 2.2. Daníel Þróstur Pálsson, Árbúum: Það vantar áskoranir á dagskránnu.
- 2.3. Þorkell Grímur Jónsson, Garðbúar: Það vantar Hádegismat.
 - 2.3.1. Jóhann Thomasson Viderö, Ungmennaráði, svarar: nei, þessi dagskrá byrjar eftir Hádegismat.
- 2.4. Bibba Thomsen, Fossbúar: Er boðið uppá kaffi í kaffinu?
 - 2.4.1. Högni Gylfason, Ungmennaráði, svara: já að sjálfsögðu.
- 2.5. Annika Danielsdóttir Schnell, Skátafélagi Akraness: Verður útskýrt ungmennaráð?
 - 2.5.1. Högni Gylfason, Ungmennaráði, svarar: já þegar verður kosið í ungmennaráð.
- 2.6. Samþykkt /Fellt x/x

Hlé á þingstörfum til að útskýra betur lagabreytingar og hvernig er kosið.

3. Áskoranir – framsaga – umræður - afgreiðsla

- 3.1. Áskorun Svövu Drafnar Davíðsdóttir, Ungmennaráði, um Aukna vetrarskátun fyrir höfuðborgarsvæðið lögð fram.
- 3.2. Vigdís Jóna Árnadóttir, Fossbúum: kom með breytingartillögu um að breyta áskoruninni úr „höfuðborgarsvæðið” yfir í suðurland”.

- 3.2.1. Kosning um breytingartillögu um að breyta áskoruninni úr „höfuðborgarsvæðið“ yfir í „suðurland“. Samþykkt 24/0 (0 sátu hjá)
- 3.2.2. Kosning um áskorun Svövu Drafnar Davíðsdóttur um aukna vetrarskátun: Samþykkt 24/0 (0 sátu hjá).
- 3.3. Áskorun Högna Gylfasonar, Ungmennaráði, um útgáfu á skátasöngbók lögð fram.
- 3.3.1. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum, myndi vera nótur í söngbókinni?
- 3.3.2. Högni Gylfason, Ungmennaráði, svarar: Það stendur í tillögunni.
- 3.3.3. kosning um Áskorun Högna Gylfasonar um útgáfu skátasöngbókar: Samþykkt 24/0 (0 sátu hjá)
- 3.4. Áskorun Gríms C. Ólafssonar, Fossbúa, um efnisyfirlit á lögum bís lögð fram.
- 3.4.1. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum, nefnir ástæðuna að það geta einfaldað leit að ákveðnum lagagreinum.
- 3.4.2. Daníel Þróstur Pálsson, Árbúum, kemur tillögu um að bæta við í þessa tillögu að endurhugsa vefsíðuna í heild sinni, til dæmis að eldri skáta hlekkurinn virkar ekki.
- 3.4.3. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum, svarar: Mér persónulega finnst að það ætti að vera önnur tillaga, en góð hugmynd samt.
- 3.4.4. Edda María Einarsdóttir, Garðbúum: hvar hugsar þú þér að efnisyfirlitið væri?
- 3.4.5. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum, svarar: Efst.

- 3.4.6. Bibba Thomsen, Fossbúum: væri þá hægt að ýta á hverja grein fyrir sig og fara beint á hana
- 3.4.7. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum, svarar: ég var nú ekki búinn að hugsa sérstaklega um þetta, en alveg hægt að bæta þessu við.
- 3.4.8. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum, ákveður svo að þetta sé nógu góð tillaga til þess að bæta þessu í tillögu að útfærslu, og bætir því svo við.
- 3.4.9. Kosning um áskorun Gríms C. Ólafssonar um efnisyfirlit á lögum BÍS: Samþykkt 24/0 (0 sátu hjá).
- 3.5. Áskorun Gríms C. Ólafssonar um að halda fleiri litla helgarviðburði.
- 3.5.1. Svava Dröfn Davíðsdóttir, Árbúum: Bendir á að fólk geti sjálft haldið, það þarf ekki BÍS eða Ungmennaráð eða eitthvað stærra til þess að halda viðburði.
- 3.5.2. Huldar Hlynsson, Grænjaxl: Ég, Salka og Unnur erum sem sagt grænjaxlarnir og héldum 18:23, sem var hér tekið sem dæmi. Endilega haldið viðburði, og ef þið eruð föst á því hvar skuli byrja, endilega hafið samband við eitthvert okkar.
- 3.5.3. Daníel Þröstur Pálsson, Árbúum: Nefnir á að litlir millifélaga viðburðir séu mjög góðir til þess að halda tengslum og gera skemmtilega hluti, án þess að það sé dýrt í tíma eða peningum.
- 3.5.4. Kosning um áskorun Gríms C. Ólafssonar, Fossbúa, um fleiri litla helgarviðburði: Samþykkt 24/0 (0 sátu hjá)
- 3.6. Áskorun Þorkels Gríms Jónssonar, Garðbúa, um meiri og erfiðari útivist í skátastarfi.

- 3.6.1. Edda Einarsdóttir, Garðbúi: Ertu að tala um litlar eða stórar ferðir? esju eða fimmvörðuháls?
- 3.6.2. Þorkell Grímur Jónsson, Garðbúi, svarar: Bara bæði
- 3.6.3. Kosning um áskorun Þorkels Gríms Jónssonar, Garðbúa, um aukna útivist í skátastarfi: Samþykkt 20/0 (4 Sátu hjá).
- 3.7. Áskorun Elí Hrannar Hákonar, Vífils, um að þýða skatarnir.is yfir á a.m.k ensku og pólsku.
- 3.7.1. Arnar Freyr Arnarson, Mosverjum: sér ekki google um þetta?
- 3.7.2. Elí Hrönn Hákonar, Vífill, svarar: Ég reyndi, en nei.
- 3.7.3. Svava Dröfn Davíðsdóttir, Ungmennaráði: Finnst þetta frábær tillaga.
- 3.7.4. Brynjar Óli Barkarson, Fossbúum: tillaga að útfærslu gæti verið að herma eftir ríkisstofnunum á þeirra vefsíðum eru fleiri tungumál.
- 3.7.5. Thomas Haukur Luther Guðmundsson, Fossbúum: Ég sem sjálfboðaliði í AFS skiptinema samtökunum er mjög sammála þessu, margir skiptinemar vilja vera í skátunum, en finna ekkert um það út af upplýsingar eru bara á íslensku.
- 3.7.6. Kosning um áskorun Elí Hrannar Hákonar, Vífils, um þýðingu skatarnir.is: Samþykkt 23/0 (1 sat hjá).
- 3.8. Áskorun Daníels Þrastar Pálssonar um ýmislegt sem tengdist framkvæmd jamboree 2023.
- 3.8.1. Daníel Þröstur Pálsson, Árbúum, kemur með langa framsögu um tillöguna, hann nefndi mikið af rökum fyrir sínum tillögum og benti líka á heimildir.

- 3.8.2. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum: Eins og ég skil, þá er ekkert um skipulag mótsins BÍS að kenna. Er þetta eitthvað sem ég er að misskilja?
- 3.8.3. Daníel Þróstur Pálsson, Árbúum, svara: BÍS hefði allavegana átt að geta komist að því hvað væri að klikka varðandi Jamboree, og má þar af leiðandi bæta eitthvað vinnureglurnar sínar.
- 3.8.4. Bibba Thomsen, Fossbúum: Ég skil báðar hliðar og þetta eru mikilvægar þælingar.
- 3.8.5. Svava Dröfn Davíðsdóttir, Ungmennaráði: Hvernig átti BÍS að geta komist að því hvað væri að klikka þegar kom að mótinu?
- 3.8.6. Daníel Þróstur Pálsson, Árbúum, svarar: Mikið af því kom í fréttunum, varðandi galla svæðisins og hita á svæðinu.
- 3.8.7. Svava Dröfn Davíðsdóttir, Ungmennaráði: Það var talað um þetta á foreldrafundum, það var talað um hita.
- 3.8.8. Daníel Þróstur Pálsson, Árbúum: Já, það var talað um hita, en það var ekki talað um hættu á sjúkdómum, og að við gætum fengið sjúkdóma úr fyrri heimsstyrjöldinni.
- 3.8.9. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum: Þæling hvort það væri hægt að umorða þetta þannig að grein 1 [Í áskorun Daníels] snúist um að BÍS ætti að rannsaka plönun móta og hvort mótsstjórnin hafi verið að gera hluti á réttan máta þegar kemur að mótum í útlöndum í stað þess að gagnrýna BÍS.
- 3.8.10. Daníel Þróstur Pálsson, Árbúum: Góður punktur, en það er mjög mikilvægt að hér er ég ekki að tala um að gagnrýna BÍS og segja að þau gerðu eitthvað rangt.

- 3.8.11. Brynjar Óli Barkarson, Fossbúum: Þetta hljómar soldið eins og þú sért að reyna að senda tillögu á WOSM en ekki BÍS? ertu að reyna að koma í veg fyrir spillingu á stórmótum?
- 3.8.12. Daníel Þróstur Pálsson, Árbúum: Þetta skiptir BÍS líka máli, BÍS er undirfélag WOSM og WOSM er ekkert nema undirfélögin. Ég veit að aðal sökin er hjá WOSM en ég er að reyna að passa að okkar hluti að málinu sé eins pottþéttur og hægt er.
- 3.8.13. Svava Dröfn Davíðsdóttir, Ungmennaráði: Þetta með klósettin, þetta átti ekkert að gerast, þetta var gagnrýnt það bara var ekkert gert, þetta var mótsstjórnin.
- 3.8.14. Bibba Thomsen, Fossbúum: Ertu bara ósáttur út í hvernig BÍS dilaði við þetta.
- 3.8.15. Sólrún Eva Hannesdóttir, Hraunbúar: Þú talar um að það hafi verið litlar viðvaranir, en móðir mín var sveitarforingi var alltaf að tala um jarðvegin, svo að ég geri ráð fyrir að hún hafi látið allavegana sína sveit vita.
- 3.8.16. Daníel Þróstur Pálsson, Árbúum: Þetta snýst ekkert að ég vilji skella allri fararstjórn í steininn, svona til þess að það sé alveg á hreinu.
- 3.8.17. Einhver sem náðist ekki að rita hver var: Þú verður samt að fatta að WOSM og WAGGGS setur mjög mikla ábyrgð á fullt af fólk til þess að halda mót, það gæti verið rándýrt fyrir BÍS að rannsaka hvert einasta mót og viðburð sem íslenskir skátar fara á erlendis, þetta gæti jafnvel sett BÍS á hausinn.
- 3.8.18. Elí Hrönn Hákonar, Vífli, bendir Daníeli Þresti Pálssyni, Árbúa, á að hán [Elí] hefur skrifað texta sem dregur þetta soldið saman.

- 3.8.19. Daníel Þröstur Pálsson, Árbúum les textann orðrétt: „Þannig að á meðan þetta er mótsstjórninni að kenna er alveg skiljanlegt að vilja endurskoða önnur mikilvæg atriði í kerfinu eins og BÍS og það er ekkert að því að endurskoða kerfið betur og sjá hvar hlutir fóru vitlaust í öllum mögulegum svæðum, líka hjá BÍS.”
- 3.8.20. Kosning um Áskorun Daníels Þrastar Pálssonar, Árbúa, um framkvæmd Jamboree 2023: 7/4 (13 sátu hjá).
- 3.8.20.1. Eftir að hafa skoðað fundarsköp þá þarf ekki að samþykkja áskoranir.
- 3.9. Áskorun Arnars Freys Arnarsonar, Mosverja, um aukna notkun færnimerkja.
- 3.9.1. Framsaga Arnars Freys Arnarsonar, Mosverja: Þegar ég var yngri þá var ég mikið að vinna með Döggu og þá voru færnimerki voðalega mikið notuð. Með aldrinum hafa merkin verið notuð minna og minna, og mig langar þau séu notuð meira.
- 3.9.2. Þorkell Grímur Jónsson, Garðbúum: Við í Garðbúum notum færnimerkin mjög mikið, eiginlega allt of mikið.
- 3.9.3. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum: myndi þetta innihalda að þýða líka fleiri merki frá Svíþjóð?
- 3.9.4. Arnar Freyr Arnarson, Mosverjum, svarar: Mögulega
- 3.9.5. Sólrún Eva Hannesdóttir, Hraunbúum: Hjá Hraunbúum notum við merkin mikið, en við einhvern veginn fáum aldrei merkin.
- 3.9.6. Hafdís Rún Sveinsdóttir, Fossbúum: Miðað við það sem ég hef heyrt þá vantar oft merki í skátamiðstöðina, og þar af leiðandi ekki hægt að kaupa þau inn.

- 3.9.7. Huldar Hlynsson, Grænjaxl: Ég var eitt sinn með stóra fálkasveit sem voru oft krakkar sem komu til mín og sögðu gamli foringinn minn sagði að ég ætti að vera kominn með þetta merki, en svo fékk ég það aldrei. En það er svo að verða til mjög kúl kerfi sem heitir Scoutbadge.
- 3.9.8. Dagur Sverrisson, Ægisbúum: Það er til bæklingur, en nýju færnimerkin eru ekki til í þeim bæklingi, og ekki til bæklingur með nýju merkjunum.
- 3.9.9. Svava Dröfn Davíðsdóttir, Ungmennaráði: Það er til mjög kúl vefsíða, Sýnir okkur svo færnimerkja síðuna.
- 3.9.10. Dagur Sverrisson, Ægisbúum: Já þetta er mjög kúl síða, en sem foringi þá finnst mér mjög leiðinlegt að sýna fálkaskátum færnimerki á netinu í einhverjum tækjum á fundum.
- 3.9.11. Arnar Freyr Arnarson, Mosverjum: En getur skátamiðstöðin ekki bara hvatt fólk til þess að nota færnimerkin meira?
- 3.9.12. Huldar Hlynsson, Grænjaxl: Spyr hvort hann megi útskýra grasrótur og top down breytingar? hann hoppar svo upp á svið og gerir það.
- 3.9.13. Kosning um áskorun Arnars Freys Arnarsonar, Mosverja, um aukna notkun færnimerkja: Samþykkt 19/0 (6 sátu hjá).
- 3.10. Áskorun Daníels Þrastar Pálssonar, Árbúum, um útgáfu nýrrar skátahandbókar.
- 3.10.1. Daníel Þröstur Pálsson, Árbúum, kom með framsögu, tók sem dæmi að hann hafi fengið hugmyndina af þessari áskorun frá færeyskum skáta sem hann sá sem var með litla vasahandbók sem var með stuttum.

- 3.10.2. Þorkell Grímur Jónsson, Garðbúum: Þessi bók er til, það þarf bara að uppfæra hana.
- 3.10.3. Helgi Þórir Sigurðsson, Vífli: Hvort ertu að hugsa um stóra bók eða litla sem passar í vasa?
- 3.10.4. Daníel Þröstur Pálsson, Árbúum: Ég vonast til þess að stjórn BÍS geti komið með niðurstöðu, kannski bara bæði.
- 3.10.5. Huldar Hlynsson, Grænjaxl: Það sem stjórn BÍS gerir við svona tillögu er bara að vísa þessu til starfsráðs.
- 3.10.6. Svava Dröfn Davíðsdóttir, Ungmennaráði: Danir hafa líka gert svona bækur bæði litlar og stórar.
- 3.10.7. Sigrún María Einarsdóttir, Garðbúum: Hverskonar upplýsingar væru í þessu, tré eða flóra Íslands?
- 3.10.8. Daníel Þröstur Pálsson, Árbúum: Ég veit það ekki, bara eitthvað, kannski skátadulmál og annað nytsamlegt.
- 3.10.9. Sólrún Eva Hannesdóttir, Hraunbúum: Væri ekki hægt að vera með aðra bók fyrir söngva, þar sem að ef við setjum allt í eina litla bók, þá gæti hún orðið soldið þykk og ekki komist í vasa lengur.
- 3.10.10. Kosning um áskorun Daníels Þrastar Pálssonar, Árbúi. um útgáfu skátahandbókar: Samþykkt 24/0 (1 sat hjá).

4. Lagabreytingar – framsaga – umræður – afgreiðsla

- 4.1. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum, lagabreytingatillögu um að bæta efnisyfirliti í lög BÍS. Efnisyfirlitið myndi hljóma svo

Efnisyfirlit:



1. GREIN - BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA
2. GREIN - FÉLAGSAÐILD AÐ BÍS
3. GREIN - EINKENNI BÍS
4. GREIN - GRUNNGILDI BÍS
5. GREIN - HLUTVERK BÍS
6. GREIN - ALÞJÓÐABANDALÖGIN
7. GREIN - SKÁTAFÉLÖG
8. GREIN - SKÁTASAMBÖND
9. GREIN - LÖG SKÁTAFÉLAGA
10. GREIN - GAGNASKIL SKÁTAFÉLAGA
11. GREIN - ÓVIRK SKÁTAFÉLÖG
12. GREIN - BROTTVÍSUN OG ÚRSÖGN SKÁTAFÉLAGA
13. GREIN - ÁBYRGÐARAÐILAR Í SKÁTASTARFI
14. GREIN - AÐKOMA FULLORÐINNA AÐ SKÁTASTARFI
15. GREIN - FÉLAGSFORINGJAFUNDIR
16. GREIN - UNGMENNAPING
17. GREIN - SKÁTAPING
18. GREIN - FRESTIR TENGDIR SKÁTAPINGI
19. GREIN - UPPSTILLINGARNEFND
20. GREIN - RÉTTUR TIL SETU Á SKÁTAPINGI
21. GREIN - DAGSKRÁ SKÁTAPINGS
22. GREIN - STARFSHÆTTIR STJÓRNAR BÍS
23. GREIN - KOSNING STJÓRNAR BÍS



- 24. GREIN - ÁBYRGÐ STJÓRNAR BÍÐ
- 25. GREIN - UMBOÐ STJÓRNAR BÍÐ
- 26. GREIN - FASTARÁÐ BÍÐ
- 27. GREIN - ÁRSREIKNINGAR BÍÐ
- 28. GREIN - FJÁRHAGUR BÍÐ
- 29. GREIN - SLIT BÍÐ
- 30. GREIN - BREYTINGAR Á LÖGUM BÍÐ
- 31. GREIN - AÐGENGI AÐ SAMÞYKKTUM BÍÐ
- 32. GREIN - SÍÐAST BREYTT

- 4.1.1. Grímur C Ólafsson, Fossbúum, kemur með framsögu og rökin eru að lög BÍÐ eru löng og leiðinleg, það gæti hjálpað varðandi aðgengi laganna að hafa efnisyfirlit.
- 4.1.2. Svava Dröfn Davíðsdóttir, Ungmennaráði: Ein ábending, það er ekki alltaf okkar að segja hvernig eitthvað er gert, það eru bara við sem segjum það eru við sem viljum að þetta SÉ gert.
- 4.1.3. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum: Huldar, þú ert líklega með reglurnar á hreinu, á ég þá að taka eitthvað út úr tillögu að útfærslu?
- 4.1.4. Huldar Hlynsson, Grænjaxl: kemur með útskýringu að það sé hægt að gera þetta á tvo mismunandi vegu, annaðhvort með því að breyta lögunum, og þá sé þetta lagabreytingatillaga, eða með því að breyta hvernig vefsíðan sýnir lögin, sem væri þá áskorun.
- 4.1.5. Kosning um lagabreytingartillögu Gríms C. Ólafssonar um að bæta efnisyfirliti við lög BÍÐ: Samþykkt 16/0 (9 sitja hjá).

Dagur Sverrisson tekur við af Jóhanni sem fundarstjóri

4.2. Jóhann Thomasson Viderö í Ungmennaráði, kynnti lagabreytingatillögu um 16. grein laga BÍS

Þar sem nú stendur:

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennapings. Til Ungmennapings skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara.

Ungmennaping skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátaping ár hvert. Ungmennaping er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á

Ungmennapingi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátaping ár hvert ásamt því að kjósa árlega áheyrnafulltrúa ungmenna í stjórn BÍS og fulltrúa í ungmennaráði. Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

Á Ungmennapingi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennaping skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennaping er undanskilið því skilyrði að Ungmennaping skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátaping ár hvert.

Og leggur til að hún verði:

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennapings. Til Ungmennapings skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara.

Ungmennaping skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátaping ár hvert. Ungmennaping er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á

Ungmennapingi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátaping ár hvert ásamt því að kjósa árlega útsendara ungmenna í stjórn BÍS og fulltrúa í ungmennaráði.

Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

Á Ungmennáþingi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennáþing skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennáþing er undanskilið því skilyrði að Ungmennáþing skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátáþing ár hvert.

- 4.2.1. Jóhann kemur með framsögu, segir að það þurfi að breyta nafni á hlutverkinu áheyrnafulltrúa ungmenna þar sem að þetta hljómar soldið eins og áheyrnafulltrúinn megi bara hlusta, en viðkomandi má líka tala.
- 4.2.2. Huldar Hlynsson, Grænjaxl: Vel útskýrt Jóhann, en eitt sem gleymdist, áheyrnafulltrúi mætir á stjórnarfundi, en þið öll hér í salnum megið líka mæta á stjórnarfundi
- 4.2.3. Sólrún Eva Hannesdóttir, Hraunbúi: hvað eru stjórnarfundir?
- 4.2.4. Huldar Hlynsson, Grænjaxl: Stjórnarfundir eru fundir þar sem að stjórn BÍS tæklar allskonar hluti, núna erum við til dæmis að undirbúa skátáþing alveg á fullu. Svo leysum við líka flóknustu og erfiðustu málín í skátastarfi.
- 4.2.5. Sóley Mjöll Ásgeirsdóttir, Mosverjum kemur með breytingartillögu um að breyta nafninu í fulltrúa ungmenna
- 4.2.6. Annika Danielsdóttir Schnell, Skátafélagi Akraness: kemur með breytingartillögu um að breyta nafninu í Geimfari ungmenna

- 4.2.7. Sigrún María Einarsdóttir, Garðbúi kemur með breytingartillögu um að breyta nafninu í hið útvalda ungmenni
- 4.2.8. Daníel Þróstur Pálsson, Árbúi: mér finnst fulltrúi ungmenna vera mjög gott, það hljómar ekki eins og það sé einhvern yfir annan hafinn, en gefur hlutverkinu samt soldið vægi. Daníel
- 4.2.9. Huldar Hlynsson, Grænjaxl: mér finnst tillögur ykkar, sólrún og Daníel, vera mjög kúl, en galli getur verið að þetta hljómi eins og viðkomandi sé í stjórn BÍS (sem viðkomandi er ekki)
- 4.2.10. Sólrún Eva Hannesdóttir, Hraunbúi : Hið útvalda ungmenni hljómar lýsir ekki starfinu, en það er ekki eins og Geimfari ungmenna sé eitthvað meira lýsandi. samt bæði góðar tillögur.
- 4.2.11. Annika Danielsdóttir Schnell, Skátafélagi Akraness: Geimfari ungmenna er ekki lýsandi, en ef allir vita hvað þetta hlutverk gerir, þá þarf nafnið ekki að vera lýsandi. Geimfari ungmenna er skemmtilegt og flippað, og það er það sem skátastarf er.
- 4.2.12. Kosning um breytingartillögur:
- 4.2.12.1. Geimfari ungmenna: 9
 - 4.2.12.2. Hið útvalda ungmenni: 8
 - 4.2.12.3. Fulltrúi ungmenna: 12
 - 4.2.12.4. Útsendari ungmenna: 2
- 4.2.13. Kosning um Lagabreytingatillögur (breyta yfir í að breyta áheyrnarfulltrúa í Fulltrúa ungmenna) samþykkt 17/2

5. Kosið í nýtt ungmennaráð

Umræður um Ungmennaráð:



5.1.1. Jóhann útskýrir hvað ungmennaráð er:

5.1.1.1. Ungmennaráð er ráð innan BÍS, eina sem það þarf að gera er að plana næsta ungmennafing, en það getið gert fullt af öðru dótí, við til dæmis héldum viðburð í nóvember.

5.1.2. Grímur C. Ólafsson, Fossbúum: býður sig fram

5.1.2.1. ég er til í að ganga í ungmennaráð, út af ég hef heyrt að þetta sé mjög gaman, ef ég kemst í ungmennaráð þá langar mig að halda fleiri viðburði eins og 18:23, það er auðveldara fyrir mig að gera það í ungmennaráði heldur en bara sem einhver dróttskáti í fossbúum.

5.1.3. Jóhanna Guðjónsdóttir, Hraunbúi býður sig fram

5.1.3.1. ég hef verið skáti allt mitt líf, mig langar að vera í ungmennaráði til þess að hafa áhrif og plana viðburði.

5.1.4. Þorkell Grímur Jónsson, Garðbúum: býður sig fram

5.1.4.1. mér finnst gaman að hafa gaman, ef ég verð í ungmennaráði myndi ég aðeins henda krökkunum í, henda þeim út í snjóinn og hafa gaman úti. ég hef planað göngur og útilegur og eitthvað svona skemmtilegt. ég er einnig foringi.

5.1.5. Thomas Haukur Lúther Guðmundsson, Fossbúum: býður sig fram

5.1.5.1. hæ, ég er í Fossbúum á selfossi, en ég er í skóla í reykjavík (Tæknó), ástæðan fyrir því að mig langar að vera í ungmennaráði er að flest allir eða allir félagar mínir eru í skátunum og mig langar að geta haldið fundi með öllum, mig langar að plana hluti og geta sagt mína skoðun og nýtt mína reynslu

5.1.6. Annika Danielsdóttir Schnell, Skátafélagi Akraness: býður sig fram

5.1.6.1. ég byrjaði í skátunum fyrir um 5-6 árum, í ungmennaráði langar mig að skipuleggja viðburði og efla ungmenni í skátastarfi

5.1.7. Vigdís Jóna Árnadóttir, Fossbúum: býður sig fram

5.1.7.1. Góðan dag ég er nýkomin aftur úr pásu í skátunum, ég er fálkaforingi í fossbúum, takk Grímur, ég hef bara áhuga á að hafa áhrif. Heyra skoðanir hjá öðrum, nýta þær í einhverjar breytingar. ég veit að það er hægt að gera breytingar án þess að vera í einhverju ráði, en það er auðveldara í ráði

5.1.8. Lára Marheiður Karlsdóttir, Fossbúum: býður sig fram

5.1.8.1. ég er sveitarforingi fálka í fossbúum, og líka foringi í fossbúum. mér finnst að þið ættuð að kjósa mig er að ég hef mikla reynslu af því að plana viðburði. til dæmis er ég akkúrat núna að plana 60 manna viðburð í Rúmeníu, það er vinnan mín. mig langar að afla mín meiri reynslu

5.1.9. Hafdís Rún Sveinsdóttir, Fossbúum: býður sig fram

5.1.9.1. ég er nú búin að vera í 12 ár í skátunum og ástæðan fyrir því að mig langar að vera í ungmennaráði er að vekja áhuga ungmenna á skátastarfi eins og ég hef. því að oft þegar fólk byrjar í rekkum hættir þeirra skáta áhugi, það er skóli og það er alltaf gleymt rekkum.

5.1.10. Rán (Rakel) Ósk Ólafsdóttir, Skátafélagi Akraness: býður sig fram

5.1.10.1. reynsla sem drekaforingi. mig langar að plana fleiri óhefðbunda viðburði. ekki bara milli félaga eins og í



hinseginfélaginu. ég hef reynslu af leiðtoganámskeiðum hjá Kfum/kufk. ég kom með hugmyndina af því að halda þetta á sauðárkróki. það gekk því miður ekki eftir, en komst langt. Þegar ég sá þetta gerast, hugsaði ég „vó! ég get haft áhrif“ mig langar að hafa meiri áhrif.

5.1.11. Sólrún Eva Hannesdóttir, Hraunbúi býður sig fram

5.1.11.1. Hef verið í skátunum síðan ég fæddist, ég þekki skátastarf, mig langar að vera í ungmennaráði af því að ég hef áhuga á því sem tengist skátastarfi. mig langar að plana fleiri litla viðburði. ég hef reynslu af því að plana viðburði.

5.2. Huldar Hlynsson, Grænjaxl: útskýrir hvernig kosning mun fara fram. á litlum kosningaseðlum þar sem að fólk skrifar nöfn fimm frambjóðenda sem þau vilja kjósa.

5.2.1. Jóhann dreifir miðum og safnar þeim svo aftur saman þegar fólk er búið að skrifa

5.2.2. Ungmennaping fer fram að telja atkvæðin

5.3. Lára Fossbúi, Vigdís Fossbúi, Sigrún Garðbúi, Tómas fossbúi Bjóða sig fram sem áheyrnafulltrúa ungmenna.

5.4. Lára er kjörin áheyrnafulltrúi ungmenna

5.5. Nýtt ungmennaráð er kjörið sem samanstendur af Anniku, Grím, Hafdísi, Láru og Þorkeli.

6. Áheyrnafulltrúi ungmenna stjórnar BÍS kosin

6.1. Lára Marheiður Karlsdóttir (Fossbúi), Sigrún María Einarsdóttir(Garðbúar), Vigdís Jóna Árnadóttir (Fossbúar) og Thomas Haukur Lúther Guðmundsson(Fossbúar) buðu sig fram.

6.2. Lára Marheiður Karlsdóttir (Fossbúar) kjörinn áheyrnafulltrúi ungmenna stjórnar BÍS.

7. Önnur mál

7.1. Engin önnur mál

Ungmennþingi slitið kl. 19:05.

Fundinn ritaði Högni Gyfason, Ungmennaráð

